

Truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna. Ef truflun verður á starfsemi stofnanna Vestmannaeyjabæjar vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa eða annarra slíkra óviðráðanlegra atvika gildir að starfsmenn skulu sjálfir meta hvort þeir hafi tök á að mæta til vinnu sinnar enda geta aðstæður, heilsa og önnur atvik verið harla ólík milli starfsmanna. Í slíkum tilvikum skulu starfsmenn fyrst og fremst huga að eigin öryggi. Í samræmi við kjarasamninga er starfsmönnum þá í öllum tilvikum frjálst að taka orlofsdag eða launalaust leyfi. Eftir að hinar ytri aðstæður eru hjá liðnar og starfsemi aftur komin í eðlilegt horf skulu yfirstjórnendur (framkvæmdastjórar) meta hvort aðstæður teljist til Force majeure (atvik sem ekki er unnt að koma í veg fyrir og teljast löggild og almenn ástæða fjarveru). Í þeim tilvikum sem aðstæður eru metnar þannig að starfsmönnum hafi verið fyrirumunað að mæta til vinnu skulu þeir halda óbreyttum launum. Í öllum tilvikum skal eitt yfir alla starfsmenn Vestmannaeyjabæjar ganga hvað slíkar ívilnandi ákvarðanir varðar.